# GRAFARLÆKUR-STEKKJARMÓAR-DJÚPIDALUR BREYTING Á DEILISKIPULAGI, STGR 4.14




Hluti gildandi deiliskipulags Grafarholt-Stekkjarmóar-Djúpidalur
dags. 17.05.2000.   1:500




Breyting á deiliskipulagi Grafarholt-Stekkjarmóar-Djúpidalur
1:500




Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 - staðsetning



Loftmynd staðsetning

LYKILL

- Afmörkun deiliskipulagsbreytingar
- Byggingareitur
- Lóðamörk
- Gróðursetning
- Nýjar hæðarlínur




Sneiðing 1:250 a-a

GREINARGERÐ

Inngangur

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingareit á lóð fyrir vélageymslu Golfklúbbs Reykjavíkur ásamt byggingareit fyrir efnislager (grifjum) ásamt eldsneytistanki og olíuskiljum neðanjarðar.

Reiturinn er staðsettur í suðurhorni athafnasvæðis GR austan við núverandi göngu- og hjólreiðastíg sem liggur þvert í gegnum svæðið. Suður af svæðinu eru Hádegismóar þar sem gert er ráð fyrir athafnasvæði merkt A2 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Reitur vélageymslu er innan svæðis sem skilgreindur er sem opið svæði til sérstakra nota merkt G (golfvöllur) í gildandi aðalskipulag. Aðgengi að vélageymslum er eftir stígum og öðrum slóðum innan athafnasvæðis GR. Reiturinn er staðsettur í hvilft og er gert ráð fyrir að reiturinn falli inn í landið og gengið verði frá jöðrum með lyngþökum til að fella svæðið að núverandi gróðri og landi.

Skilmálar

Lóð: Ganga skal frá jöðrum svæðis þannig að þeir falli að núverandi landi. Tyrfa skal jaðra með lyngþökum eða sambærilegum þökum í samræmi við núverandi gróður í næsta nágrenni. Gert er ráð fyrir trjám, runna- og lággróðri á milli núverandi stígs og lóðar.

Byggingareitir:

e5) Á reitnum er heimilt að reisa vélageymslu allt að 800 fm að grunnflatarmáli. Hámarkshæð vélageymslu er 7 m frá lægsta gólfkóta. Gólfkóti er 81.5 +/- 30 sm. Þakahalli er frjáls. Leitast skal við að klæðning og yfirborð skemmu sé í jarðlitum.

e6) Á reitnum er gert ráð fyrir steyptum hólfum (grifjum) fyrir efnislagar. Á reitnum er jafnframt gert ráðfyrir eldsneytistanki og olíuskiljum neðanjarðar. Hafa skal samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um frágang mengunarvarna.

Deiliskipulags breyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í skipulagsráði þann 20.5 2009 og í borgarráði þann 4. júní 2009.

Tillagan var auglýst frá 18.3 2009 með athugasemdafresti til 4.5 2009 .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _______ 2009.

x [signature]

**GRAFARLÆKUR-STEKKJARMÓAR-DJÚPIDALUR**
**BREYTING Á DEILISKIPULAGI, STGR 4.14**

ARK_LAND

DAGS. 08.02.2009

Teiknað BA